



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2021

Efni: Umsögn Embættis landlæknis um drög að breytingu (nr. 3) reglugerðar nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda

Embætti landlæknis gerir athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á ofangreindri reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

Eins og skilja má drög að breytingum er verið að heimila að lögboðnar merkingar svo sem innihaldslýsing sem og valkvæðar merkingar eins og varúðarmerkingar verði hægt að miðla eingöngu með strikamerki eða QR-kóða.

Hér er um mjög varhugaverða breytingu að ræða sem getur haft áhrif á heilsu neytenda þar sem þessar upplýsingar eru afar mikilvægar bæði til að meta hollustu vara en líka til að tryggja að einstaklingar með fæðuofnæmi og fæðuþol, sem þurfa nauðsynlega gott aðgengi að upplýsingum, veikist ekki eða lendi í lífshættulegum ofnæmisviðbrögðum.

Mikilvægt er að öllum neytendum sé gert kleift að nálgast upplýsingar er varðað geta heilsu þeirra með aðgengilegum hætti. Í reglugerðardrögum segir að búnaður þurfi að vera til staðar hjá söluaðila til að sækja lögboðnar upplýsingar en það er algengt að sækja þurfi upplýsingar um vöruna síðar t.d. innihaldslýsingu eftir að komið er heim. Það gæti reynst erfitt í sumum tilvikum ef snjallsími er ekki fyrir hendi þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að allir eigi slíkan búnað t.d. börn.

Embætti landlæknis óskar eftir því að fallið verði frá þessum breytingum sem fram koma í drögum nr. 3 á reglugerð nr. 1294/2014 til að tryggja réttindi neytenda að nauðsynlegum upplýsingum um forpökkuð matvæli sem geta haft alvarleg áhrif á heilsu þeirra.

Virðingarfyllst

Jóhanna Eyrún Torfadóttir
Verkefnisstjóri næringar
Embætti landlæknis

Virðingarfyllst

Hólmfríður Þorgeirsdóttir
Verkefnisstjóri næringar
Embætti landlæknis